

Miðvikudaginn 17. nóvember 1982.

Nr. 219/1982. **Ákærvaldið**

gegn

Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1982. Þann dag hafði Örn Höskulds-son héraðsdómslögmaður, skipaður réttargæslumaður varnaraðilja, kynnt honum úrskurðinn, en varnaraðili fékkst hvorki til að tjá sig fyrir lögreglu né dómara.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 12. nóvember 1982.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

10. nóvember 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 10. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við unrirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Skömmu eftir miðnætti sl. nótt hóf lögreglan í Reykjavík samkvæmt dómsúrskurði húsleit að Laugavegi 43 hér í borg vegna gruns um fíkniefnamisferli tengt þeim stað. Í framhaldi þar af voru m. a. handtekin Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, og Rúnar Bergsson, fæddur 2. febrúar 1958, bæði talin dvalföst á fyrrgreindum stað. Við nefnda leit fannst eftirfarandi:

- 1) Ljósbrúnt hass, 56.2 grömm, sem áður nefndur Rúnar Bergsson mun hafa lýst sig eiganda að.
- 2) Hassblandað tóbak, 0.8 grömm.
- 3) Hassolía, 4.2 grömm, tekin úr 2 sprautum.
- 4) Hassolía í 2 sprautum, ekki vigtanleg.
- 5) 4 stk. grænn pappír, ca 4x4 mm, talið LSD.
- 6) Hvítt duft, sagt þrúgusykur, 98.8 grömm.
- 7) Ljósbrúnt hass, 1.7 grömm.
- 8) Hvítar pillur, 11 stk.
- 9) Hassolía, vigtuð í verju og plasti, 7.5 grömm.
- Umbúðir átlaðar 2.5 grömm.
- 10) Hvítt trefjakennt efni, 13.2 grömm.

Nr. 1, 2, 3, 4, 7 og 9 gáfu jákvæða svörun í litarprófi sem kannabis.

Nr. 5 gaf jákvæða svörun sem LSD.

Nr. 6 gaf jákvæða svörun sem heróín.

Áður nefnd sýni 5 og 6 munu í nánari greiningu hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði.

Ekki mun á þessu stigi rannsóknar kunnugt um eignarhald ofangreindra sýna nr. 2—10.

Fyrirnefnd Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir hefur frá handtöku neitað að mæta til lögregluyfirheyrslu eða að tjá sig um ætlað sakarefni við lögreglu.

Krafa um gæsluvarðhald á hendur nefndri Ágústu var af hálfu lögreglu lögð fram hér fyrir dómi um kl. 1800 í dag. Klukkan liðlega 1900 í dag var eftir því leitað, að margnefnd Ágústa mætti hér fyrir dómi, en hún hafnaði því.

Klukkan 2050 var henni skipaður réttargæslumaður, sem ræddi einslega við hana, en lýsti í framhaldi þar af, að ekki væri á hans valdi að vinna Ágústu margnefnda á að mæta sjálfviljuga hér fyrir dómi.

Klukkan 2115 var þinghald flutt í fangageymslu og Ágústu Guðmundsdóttur þar kynnt sakarefni, en sýndi engin viðbrögð.

Klukkan 1350 var yfirheyrður hér fyrir dómi og síðar úrskurðaður í gæsluvarðhald Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18. febrúar 1958.

Kvaðst hann undanfarna 4 mánuði margítrekað hafa keypt hassefni og hassolíu af stúlku, kallaðri Gústu, er búi að Laugavegi 43 hér í borg. (Hér á eftir talið eiga við Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, Laugavegi 43. — Innskot dómara).

Nefndur Jón Heiðar taldi sig áðurgreint tímabil hafa af Ágústu þessari keypt liðlega 100 grömm af hassefnum til eigin nota, en þess utan fyrir framlagsfé margra aðilja.

Greindi Jón Heiðar nokkra slíka með fornöfnum eða stuttnefnum og sundurliðaði til þeirra um 120 grömm af hassefnum. Samanlagt taldi margnefndur Jón Heiðar sig ofangreint tímabil af Ágústu Guðmundsdóttur hafa keypt um 300 grömm af hassefnum og 13—15 grömm af hassolíu og þar af 10 grömm í einu fyrir rétttri viku fyrir kr. 8.000.00, er verið hafi framlagsfé margra aðilja.

Klukkan 1755 var yfirheyrður hér fyrir dómi og síðar úrskurðaður í gæsluvarðhald Rúnar Birgir Sigurðsson, fæddur 5. febrúar 1962.

Rúnar Birgir var í gærkveldi yfirheyrður hjá lögreglu og kvaðst þá undanfarna mánuði af stúlku, Gústa að nafni, búsettri við Laugaveg 43 hér í borg, hafa keypt samtals 200—300 grömm af hassefnum og 30—40 grömm af hassolíu að langmestu leyti fyrir framlagsfé margra aðilja, sem mótt ekið hefðu efnin í samræmi við það. Rúnar Birgir greindi með fornöfnum og stuttnefnum átta slíka aðilja, er mótt ekið hefðu samtals um 270 grömm af hassefnunum og samtals 41 gramm af hassolíunni.

Er nefndur Rúnar Birgir var kallaður hér fyrir dóm um kl. 1800 í dag, kvaðst hann hafa verið í miðjum klíðum að leiðrétta í lögregluyfirheyrslu áður nefnt og á þann veg að hækka verulega meint hasskaup frá Ágústu Guðmundsdóttur og í allt að 500 grömmum samanlagt tímabilið júlí sl. til miðs okt. sl. Auk þess af margnefndri Ágústu nefnt tímabil keypt nokkuð af hassolíu. Rúnar Birgir taldi sig hins vegar þurfa að glöggva sig nánar á því magni, áður en hann staðfesti hér fyrir dómi.

NIDURSTÖÐUR.

Tveir aðiljar hafa samkvæmt ofansögðu borið Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur verulegum sökum, en hún með óvenjulegum og eindregnum hætti neitað alfarið að tjá sig um ætlað

sakarefni bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 eigi til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr., 1. tölul., 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, fæddri 8. maí 1960, að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst ákvarðað í allt að 30 dögum frá kl. 2350 þann 10. nóvember 1982 að telja.

Úrskurðarorð:

Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, til heimilis að Laugavegi 43, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 2350 þann 10. nóvember 1982 að telja.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1982.

Nr. 121/1979. Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra vegna ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Hannesi Kr. Davíðssyni

og gagnsök

(Benedikt Blöndal hrl.).

Póknun fyrir nefndarstörf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1979 og gera þær kröfur, að þeir verði sýkn-